

## Minnisblað

Yfirlit yfir helstu verkefni Menningarstofu sumar 2020

### Skapandi sumarstörf:

Samstarfsverkefni með Fljótsdalshéraði. 10 ungmenni á aldrinum um 18 – 23 ára mynda fjöllistahóp sem kemur til með að vinna og koma fram á mörgum stöðum í Fjarðabyggð og á Fljótsdalshéraði. Sumarstörfin og afraksturinn verður hluti af dagskrá Menningar og listahátíð Fjarðabyggðar sem fram fer í júlí og ágúst. Hópurinn er undir leiðsögn Emelíu Antonsdóttur Crivello.

### Skapandi sumarsmiðjur fyrir börn:

Smiðjur með ólíkar áherslur; haldin verður ritlistarsmiðja, kvikmynda og vídeó smiðja, smiðja sem tengist matargerð og nærumhverfinu, ásamt listasmiðju þar sem áhersla verður lögð á Helgustaðanámu og silfurbergið sem þar er að finna. Efnið sem verður til í þessum smiðjum verður unnið áfram og tekið til sýninga á BRAS hátíðinni sem fram fer í september.

### Menningar og listahátíð Fjarðabyggðar:

Undirbúningur stendur yfir, verið er að vinna í dagskrá og stefnt er að því að byrja að kynna hátíðina í maí. Hátíðin samanstendur af viðburðum í Fjarðabyggð, frá Mjóafirði til Breiðdalsvíkur. Áhersla er lögð á menningu og listsköpun heimafólks, í bland við utanaðkomandi dagskrá. Áhersla er lögð á að dagskrá hátíðarinnar blandist samfélaginu, veki upplifun hjá gestum og gangandi og skapi jákvæða ímynd af Fjarðabyggð sem stað þar sem blómlegt menningarlíf vex og dafnar.

### Önnur verkefni:

Kvikmyndasýningar í Fjarðabyggð. Haldið verður áfram að sýna kvikmyndir reglulega í Valhöll og á öðrum stöðum í Fjarðabyggð.

Þórsörk – Menningarstofan hefur aðgang að Þórsörk húsínu á Neskaupstað í júní, júlí og ágúst. Húsið býður upp á gisti aðstöðu fyrir 3-4 einstaklinga hverju sinni, ásamt því sem að sýningaraðstaða í húsínu hefur verið tryggð. Möguleiki er að halda áfram að vera með list- sýningar og menningarstarf í húsínu næsta vetur en munnlegt samkomulag hefur náðst við Listasmiðju Norðfjarðar um það.

Tónlistarmiðstöð Austurlands – skipulagning tónleika og viðburða, tónlist verður hluti af Menningar og listahátíð Fjarðabyggðar – ásamt almennu tónleikahaldi. Áhersla er lögð á að starfsemi tónlistarmiðstöðvarinnar nái út fyrir vegg Tónlistarmiðstöðvarinnar og að geti verið vettvangur tónlistarfólks á svæðinu.